

17. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar, haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn, miðvikudaginn 28. febrúar 2012, kl. 12:00.

Mætt: Steinunn Leósdóttir formaður, Jósteynn Hermundsson og Vikar Már Vífilsson. Jafnframt sat fundinn Gunnólfur Lárusson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá :

1. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis á Þórshöfn.

Á 16. fundi sínum þann 8. febrúar s.l. fjallaði umhverfis- og skipulagsnefnd um tillögu að breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis á Þórshöfn. Breytingin fólst í að lóðin Eyrarvegur 12-16 stækkar um 10 m til norðurs á kostnað óráðstafaðrar lóðar að Eyrarvegi 4-10. Jafnframt er byggingarreitur fyrir húsið að Eyrarvegi 16 lengdur um 10 m til norðurs og byggingarreitur á Eyrarvegi 4-10 stytur að sama skapi um 10 m. Ekki er um að ræða skilgreiningu á auknum byggingarrétti á svæðinu, heldur aðeins tilfærslu á byggingarrétti milli lóða innan skipulagssvæðisins. Því taldi nefndin að breytingin væri óveruleg og fara mætti með hana á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Nefndin lagði því til við sveitarstjórn að breytingin yrði grenndarkynnt öllum lóðarhöfum á deiliskipulagssvæðinu.

Nú er lokið grenndarkynningu breytingartillögunnar og kynnti sveitarstjóri samþykktar undirskriftir eigenda allra mannvirkja innan tiltekinnar grenndar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd telur grenndarkynninguna fullnægjandi skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og leggur því til við sveitarstjórn að breyting deiliskipulagsins verði samþykkt og gildistaka breytingarinnar verði auglýst í B-deild stjórnartíðinda.

Sveitarstjóri fór yfir að bókun þessi væri gerð í samráði við byggingarfulltrúa

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl.12:45.